



Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE

Bt. Eyþór Björnsson

Garðarsbraut 5

640 Húsavík

Þórhöfn, 25. september 2020

Efni: Tillaga að fagráði umhverfismála hjá SSNE

Að mati Langanesbyggðar eru umhverfismál trúlega eitt umfangsmesta og kostnaðarmesta framkvæmdamál sveitarfélaga. Stórauknar kröfur eru í undirbúningi vegna sorpmála. Ljóst er að sveitarfélögin þurfa flest að taka til hendinni í þessum málum vegna kröfu um minni eða afnáms heimilda til urðunar, kröfu um aukna flokkun endurvinnanlegs úrgangs o.fl. Fleiri hliðar eru á þessum málum sem sveitarfélögin þurfa að ræða sín í milli. Aðstæður víða eru sérstakar í fjórðungnum vegna mikilla veglengda milli þéttbýliskjarna og mikils kostnaðar við söfnun úrgangs.

Langanesbyggð gerir þá tillögu að stofnað verði fagráð umhverfismála innan SSNE, rétt eins og það eru fagráð menningarmála og fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Með tilkomu fagráðs á sviði umhverfismála verður til fagráð fyrir alla helstu málaflokka sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

f.h. Langanesbyggðar

Sveitarstjóri
Langanesbyggðar

Jónas Egilsson, sveitarstjóri